

Sp.

44. Tillaga til þingsályktunar

[44. mál]

um fiskiðnskóla.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um fiskiðnskóla, er ætlað sé það hlutverk að búa menn undir fiskmatsstörf, verkstjórn, kennslu og leiðbeiningastarfsemi í fiskiðnaði.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis hefur verið flutt á undanförunum þingum án þess að ná fram að ganga. Er hún nú flutt enn einu sinni í þeirri von, að hún megi hljóta jákvæða afgreiðslu, því að varla getur verið ágreiningur um nauðsyn málsins.

Kunnugt er, að fiskmatsmenn hafa fyrr og síðar haft áhuga á stofnun skóla í sérgrein sinni, enda hefur fiskmatsstjóri, Bergsteinn Á. Bergsteinsson, ávallt talið það mikið nauðsynjamál. Þess má enn fremur geta, að aðalfundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna 1960 ályktaði að skora á Alþingi að samþykkja þessa tillögu, þegar hún var fyrst til umræðu á Alþingi. Má því fullyrða, að þeir, sem kunnugastir eru þessu máli, séu þess hvetjandi, að ráðizt verði í stofnun sérstaks fiskiðnskóla, enda getur það ekki talizt nein ofrausn þeirri þjóð, sem byggir afkomu sína að verulegu leyti á sjávarafla og nýtingu hans.

Skipulagsbundin fræðsla fyrir fiskmatsmenn hófst hér á landi árið 1947 á vegum atvinnuáráðuneytisins, og hefur Bergsteinn Á. Bergsteinsson frá fyrstu tíð verið forstöðumaður fiskmatsnámskeiðanna og hvatamaður þeirra. Munu yfir 500 manns hafa notið fræðslu á námskeiðum þessum frá upphafi. Hefur kennslan bæði verið bókleg og verkleg, eftir því sem kostur hefur verið á tiltölulega stuttum tíma. Auk þess hefur fiskmatið beitt sér fyrir svokölluðum „skyndinámskeiðum“, aðallega úti um land, til þess að samræma störf matsmanna og kynna þeim nýjungar. Eins hafa samtök hraðfrystihúsanna, bæði SH og SÍS, haldið námskeið á eigin vegum fyrir starfsmenn sína. Öll þessi fræðslustarfsemi hefur orðið til mikils gagns, og ber að þakka þeim, sem haft hafa forgöngu um hana.

Námskeiðin ná þó of skammt. Fiskiðnaðurinn og fiskmatið þarfnast sérstaks skóla, og sýnist ekki óeðlilegt, að starfræksla hans sé að mestu eða öllu leyti á vegum ríkisins. Ekki virðist flutningsmönnum þessarar tillögu það endilega sjálfsagt, að skóli þessi sé deild í sjómannaskólanum né heldur að hann verði staðsettur í Reykjavík. Kann að vera, að aðrir staðir séu heppilegri sem skólasetur, og ber að kanna það ásamt öðrum þáttum þessa máls.

Fiskmats- og fiskiðnskóli mundi hafa fjölbreytta námsskrá í bóklegum og verklegum efnum. Um lengd námstímans skal ekkert fullyrt á þessu stigi, en námi mundi að sjálfsögðu ljúka með prófi, sem réttlátt væri að gæfi ákveðin réttindi í sambandi við fiskmatsstörf, verkstjórn, kennslu og leiðbeiningastarfsemi í fiskiðnaði. Æskilegt væri, að menn gætu sérhæft sig á vissum sviðum fiskiðnaðar, en skólinn yrði þó aðallega að stefna að því að veita almenna þekkingu.